




AÐALSKIPULAG HVERAGERÐISBÆJAR 2017-2029
-
AÐALSKIPULAGSBREYTING
ÁRHÓLMAR OG HENGLADALÁÁ



Staðfest aðalskipulag Hveragerðisbæjar, staðfest 7.12.2017- mkv. 1:7.500



Aðalskipulag eftir breytingu- mkv. 1:7.500



GREINARGERÐ MED AÐALSKIPULAGSBREYTINGU

Málsmeðferð:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum 15. júlí 2021 að vinna breytingu á Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 til samræmis við fyrirliggjandi áætlanir um uppsetningu á svifbraut (Zip-line braut) meðfram Hengladalá, auk uppsetningu útsýnispalls við Svartagljúfur. Upphafspallurinn og lendingarpallurinn eru innan svæðis sem í dag er skilgreint sem strandsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Lýsing aðal- og deiliskipulagsbreytingar var kynnt almenningi og send lögbundnum umsagnaraðilum haustið 2021. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Veðurstofu Íslands og Sveitarfélaginu Ölfusi. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Með breytingu aðalskipulags er heimilað að leggja svifbraut (loftlína), gera útsýnis- og upphafspall, lendingarpall og göngustíga. Afgreiðsla og upphaf ferðar í Zipline verður í núverandi þjónustumiðstöð skammt frá endapalli brautarinnar og þaðan fara viðskiptavinir að jafnaði gangandi á upphafspalli. Umfang framkvæmdanna er ekki mikið og er aðallega bundið upphafs- og endapalli. Framkvæmdin er talin geta samræmst ákvæðum hverfisverndar aðalskipulagsins, sem helst óbreytt.

Breytingin felst í:


- Nýtt ferðamanna- og afþreyingarsvæði, AF2 meðfram Hengladalá. Strandsvæði minnkar tilsvaramandi.
- Stækkun Verslunar- og þjónustusvæðið VP1 um 0,5ha. Strandsvæði minnkar tilsvaramandi og skilmálar haldast óbreyttir.
- Gönguleið er færð inn á uppdrátt, meðfram Hengladalá og frá Breiðumörk/Dalvegi að útsýnispalli og núverandi vegslóði er færður inn á uppdrátt sem aðrir vegir. Heimilt er að bæta núverandi slóða með malarlagi og skal raskað svæði meðfram honum og stígum meðfram Hengladalá lagfærðir að loknum framkvæmdum við upphafspall.
- Sveitarfélagamörk lagfærð til samræmis við landeignaskrá FMR. Strandsvæði, óbyggð svæði, hverfisverndarsvæði og grannsvæði vatnsverndar breytast til samræmis.

Nýir skilmálar eru gerðir fyrir AF2 þar sem um nýtt svæði er að ræða en skilmálar fyrir VP1 haldast óbreyttir en svæðið stækkar úr 10 í 10,5ha:

Reitur	Stærð ha	Lýsing/núv. ástand	Skilmálar
AF2 Svæði fyrir Zip-line braut	0,9ha	Svæði meðfram Hengladalá við Svartagljúfurfoss.	Nýtt afþreyingarsvæði meðfram ánni þar sem heimilt er að setja upp upphafspall fyrir svifbraut (Zip-line) sem samtímis er útsýnispallur yfir fossinn. Tryggja skal aðgengi almenningssvæðis á ánni. Upphafspallur getur verið allt að 13m að hæð og grunnflæði turns og útsýnispalls samanlagt allt að 80m ² að flatarmáli. Uppbygging turns skal vera eins létt og mögulegt er og litaval skal miða að því að falla sem best að umhverfinu.
VP1 Árhólmur	10,5ha	Óbyggð svæði, deiliskipulag í gildi fyrir nýrsta hluta reits, sem gerir ráð fyrir þjónustumiðstöð, gistingu og bílastæðum. Núverandi bílastæði norðan við reitinn á Jökutanga verða fjarlægð og land grætt upp. Svæðið er innan hverfisverndar.	Svæði fyrir uppbyggingu ahlíða ferðapjónustu með áherslu á gisti- og hótelpjónustu, baðmenningu, fræðslu um jarðhita, lífríki og náttúru og þjónustu við göngufólk sem útfærast nánar í deiliskipulagi. Þess skal gætt að uppbygging á svæðinu takmarki ekki ferðafrelsi almenningssvæðis og að öll uppbygging falli vel að umhverfinu. Áhersla er lögð á lágreista, samþjappaða byggð þar sem hugað er að heildaryfirbragði í vistvænum anda, aðlögun að landi og ásynð. Hámarksbyggingarmagn á reit: 20.000m ² .

Tengsl við aðrar áætlanir:

Samhliða aðalskipulagsbreytingu er unnið að breytingu á deiliskipulagi Árhólma en þar verða deiliskipulagsmörk útvíkkuð þannig að þau nái til framkvæmdasvæðisins.





UMHVERFISMAT

Umhverfisáhrif áætлана skal meta skv. 2.gr. laga nr. 111/2021 en fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki háðar umhverfismati framkvæmda sbr. viðauka sömu laga. Áhrif áætlunarinnar eru metin á þá umhverfisþætti sem getið er í 4. gr. laganna, og fá einkunn/gildi jákvæð, neikvæð eða óveruleg.

Ekki er fjallað um aðra valkosti á útfærslu framkvæmdarinnar í aðalskipulagsbreytingu, annan en núllkost, en áhrif núllkosts eru óveruleg.

Umhverfisþáttur	Jákvæð	Neikvæð	Óveruleg
a) Íbúar og heilbrigði fólks			0
Um er að ræða ferðamanna- og afþreyingarsvæði sem er hluti af stærra ferðamannasvæði, sem nær frá Dalnum innan Hveragerðisbæjar, norður fyrir Hengladalá upp í Reykjadal og Hengillssvæðið allt. Framkvæmdir innan svæðisins munu hvetja til útivistar og hreyfingar og hugsanlega fjölgun ferðamanna. Fjölgun ferðamanna kallar óneitanlega á fjölgun slysa og óhappa, en ekki umfram það sem talist getur eðlilegt.			0
b) Líffræðileg fjölbreytni með sérstakri áherslu á tengundir og búsvæði sem njóta verndar			0
Skv. 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í og við vötn leitað við að viðhalda náttúrulegum bakkröðum við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta nágrenni vatnsins. Aukin umferð að bökkum Hengladalár er nokkuð staðbundin og göngustígur verður lagður í hæfilegri fjarlægð frá bakka og mun því ekki hafa áhrif á bakkröður. Áin rennur í nokkuð djúpu gili á stórum kalfa og þar er því ekki beint aðgengi að vatninu.			0
c) Land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, vatn, loft og loftslag			0
Svæðið sem um ræðir er á forsögulegu hrauni sem nýtur verndar skv. a líð 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraunið er gróið og þakið lífrænum áfoksjarðvegi sem flokkast sem mosahraunavist og hraungambraust sem hafa miðlungs og lágt verndargildi. Ekki er um umfangsmikla mannvirkjagerð að ræða og er hún mjög staðbundin. Það er því ekki talið að áhrif á umhverfisþáttinn séu veruleg auk þess sem framkvæmdin er að mestu afturkræf. Sjónræn áhrif geta verið neikvæð, en það er háð útfærslu, sem gera skal nánar grein fyrir í deiliskipulagi.			0
d) Efnisleg verðmæti og menningarminjar	+		0
Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins. Fyrirhuguð framkvæmd er talin hafa jákvæð áhrif á nýtingu þjónustumannvirkja innan Árhólmasvæðisins.			0
e) Næmi áætlunar fyrir hættu á störslysum og náttúruhamförum			0
Skipulagsvæðið er ekki skilgreint sem hættusvæði og fyrirhuguð framkvæmd því ekki talin í hættu.			0
f) Samspil þátta a-e			0
Áhrif framkvæmdarinnar eru ekki talin veruleg, enda mjög staðbundin og krefjast ekki mikils jarðræks. Fyrirhuguð framkvæmd er að mestu leyti afturkræf en sjónræn áhrif hennar eru háð hæð og útfærslu á upphafs- og endapalli. Aðrir valkostir fyrir þessa starfsemi eru ekki margir, þar sem svifbrautin er sett upp til þess að upplífa gljúfrin í Hengladalá og tengjast nálægri starfsemi, bæði núverandi þjónustumiðstöð og fyrirhugaðri uppbyggingu á Árhólmmum. Með starfseminni er verið að fjölga mögulegri afþreyingu í Ölfusdal og draga þannig úr álögi á heildarsvæðinu, sem fram að þessu hefur fyrst og fremst beinst að Reykjadal og heita læknum þar innrfa. Göngustígur frá vegslóða að upphafspalli mun liggja vel sunnan við árgilið og hefur því engin áhrif á bakkröður.			0



Ásýndarmyndir úr 3D líkani frá Eflu

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá 17. jan. 2022 til 7. mars

2022 var samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 10. mars 2022.

Alfheiður Þorsteinsson

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 23.03.2022

Ólafur Þorsteinsson

SKÝRINGAR

	Sveitarfélagamörk
	Verslun og þjónusta (VP)
	Opin svæði (OP)
	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
	Óbyggð svæði
	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
	Strandsvæði (ST)
	Helgunarsvæði
	Hverfisvernd (HV)
	Vatnsvernd, grannsvæði (VG)
	Minjavernd (MV), þekktar fornminjar
	Stofnvegur / stofnbraut
	Tengivegur
	Aðrir vegir og götur
	Göngubú
	Aðalstígur
	Aðalhljóstígur
	Reiðleið



Breyting 6.12.2021. Skilmálar AF2 í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar dags. 3. des. 2021 og ásýndarmyndir. Breyting 26.11.2021. Færsla á AF2 í samræmi við hönnunargögn.

HVERAGERÐISBÆR
AÐALSKIPULAGSBREYTING
Árhólmur og Hengladalá